

Sem stendur eru tvær sýningar í Norræna húsinu, Textílfélagið í kjallara og svenskur grafik-maður í bókasafni og á göngum. Það er því líflegt að líta þar við þessa stundina. Það er ekki langt síðan farið var að sýna á göngum og í bókasafninu og ég sé ekki annað en að það gangi bara bærilega. Þetta eykur auðvitað starfsemi hússins, og er það sannarlega vel. Við skulum fyrst aðeins staldra við og líta á sýningu Sexten Haage, sem er á göngum og í bókasafninu Hann er eins og áður segir Svii og sýnir 24 grafikmyndir, þurrhál og akvatinta. Þetta eru gríðarlega vel gerðar myndir og tæknilega alveg óaðfínnarlegar, að ég held. Tölv þessara verka eru í myndröð, er listamaðurinn nefnir **Europa Sviten** og samanstendur aðallega af húsamyndum, en gótur koma þar einnig við sögu. Það er eins og listamaðurinn hafi sérlegan áhuga á arkitektúr frá vissu tímabili, en þrátt fyrir fullkomna tækni finnst mér sumt af þessum verkum vera nokkuð þungt í tóni og það svarta hefur yfirhöndina ef svo mátti komast að orði. Ég held, að sum þeirra verka, sem ekki eru í **Europa Sviten**, séu það besta á þessari sýningu, en í heild er hún heldur líflaus, en snotur.

Textílfélagið

Textílfélagið mun vera ungt að árum og hefur nú efnt til



Eitt af verkum Sixten Haage.

Sýningar í Norræna húsinu

sinnar fyrstu einkasýningar á textíl, ef ég veit rétt. Stefnt mun vera að því, að slíkar sýningar verði haldnar annað hvert ár hér, og vonandi tekst þessum ágætu kvinnum að gera það. Það eru allt kvinnur, sem sýna á þessari sýningu, og eru þær hvorki meira né minna en 17 talsins. Þarna getur því að líta ýmislegt, sem er forvitnilegt, og ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir, að jafn mikið væri á ferð hjá okkur og þessi sýning gefur til kynna. Þarna eru ofin teppi, þrykkt textíl, hannaðar flikur og finir púðar, svo að nokkuð sé nefnt, fyrir utan það, að hér ægir

saman ýmsum efnum, er þessir starfskraftar nota til tjáningar sinnar, og má til gamans nefna

Myndillst

eftir VALTÝ
PÉTURSSON



„Vor“ eftir Sigrúnu Sverrisdóttur.

þang, lopa, hrosshár, bómull og ull. Ég verð að játa, að ég er ekki það vel að mér í fræðunum, að ég geti talað um þessa sýningu af nokkurri verulegri þekkingu. Ég kann til dæmis ekkert til handverksins og þekki ekki mikið til efnisins heldur. Jæja, hvað með það, hér kemur smá rolla um hlutina samt: **Anna Halla Björgvinsdóttir** á þarna mjög lagleg sjól, **Anna Þóra Karlsdóttir** notar ull og bómull til að gera skemmtilegt ver, sem hún nefnir **Myndir**. **Asgerður Búadóttir** er áberandi mest sjóuð í sínu fagi og á þarna merkileg teppi, sem gerð eru úr hrosshári og ull. Hún virðist

vera í sérflokkki á þessari sýningu, enda hefur hún miklu lengri starfsferil að baki en aðrar stóllur hennar á þessari sýningu. **Ásrún Kristjánsdóttir** hennar textíl og sýnir lík verk og hún átti á sýningu í Gallerí Sólun sáluga Íslandus. **Eva Vilhelmsdóttir** hennar flikur og sýnir meðal annars anorak og pils þrjónað, sem ég tók eftir. **Fríður Ólafsdóttir** sýnir tvö verk, sem ég gluggaði sérdeilis í, nr. 25 og 26. **Guðrún Gunnarsdóttir** hennar fyrir Álafoss og gerir mjög snotra hluti. **Guðrún Jónsdóttir** sýnir handofin húsgagnaáklæði, sem mér féllu vel í geð. **Hanna G.**

Efnisskrá:
Mozart: Forleikur að Töfraflautunni
Nordal: Bjarkamál
Brahms: Píánókoncert nr. 1
Einleikari: Hans
Richter-Haaser
Stjórnandi: Karsten Andersen

Forleikurinn að töfraflautunni er ævintýri, sem þarf að flytja með nærfærni, ævintýri sem flytjandinn þarf að trúa á og þora að upplifa með hlustendum sínum, annars verður það aðeins saga af akritnum og ótrúlegum fyrirbærum, skrök-saga. Varðandi Mozart á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar er það eftirtektarvert að hann



Karsten Andersen



Hans Richter-Haaser

Sinfóníutónleikar

er orðinn þar eins konar „start-ari“. Á fernum tónleikum sem eitthvað er leikið eftir Mozart hefjast þrennir á upphitunarforleikjum, en einum var „start-að“ með sinfóníu og flautukonsert.

Að undanteknum forleiknum að Töfraflautunni er rétt eins „prógrammnefndin“ þekki ekki beztu verk Mozarts, eða treysti hljómsveitinni ekki fyrir erfiðari verkum hans. Það er of eftirtektarvert að skipuleggjendum tónleika hérlandis hefur tekist að búa svo um, að hljómléikagestir þekkja nær ekkert af íslenskum tónverkum, með því m.a. að láta líða svo langt á milli uppfærslu þeirra, að bæði flytjendur og hlustendur standa í sömu sporum og að um frumflutning væri að ræða. Ef það er rétt, sem undirritaðan minnir, að Bjarkamál eftir Jón Nordal hafi ekki verið flutt á tónleikum í rúm 20 ár, eða síðan 1956, ætti þeim, sem eitthvað þekkja til náms og lærdóms, að vera það ljóst, hversu vel tónleikagestir hljóta að þekkja Bjarkamál, þegar svo á móti stendur ofboðsleg ítrodsla fjölmíðlanna og svo sú staðreynd, að hlustun góðrar tónlistar

Tónillst

eftir JÓN
ASGEIRSSON

tekur langan tíma. Við flutning verksins kom það ekki ósjaldan fyrir að leikur hljómsveitarinnar var mjög slæmur og vaknar sú spurning hvort hlustandi miði gæðamat sitt á gerð verksins, við blæ og tóntaksmistök t.d. strengjasveitarinnar, sem minnti óþægilega á „gamla daga“. Frá þeim dögum er til sú saga að tónverkið Ömmusögur eftir Sigurð Þórðarson tónskáld var flutt af útvarpshljómsveit á tónleikum í Þýskalandi og fékk höfundurinn hljóðritun þessa senda og greindi svo frá, að hann hafi ekki þekkt verk sitt. Upphafstónar þess hafi komið sér svo ókunnuglega fyrir eyru, að honum hafi helst dottið í hug að um væri að ræða rugling á segulbandsspólum. Athugun leiddi í ljós að svo var ekki og tónverkið var leikið eins og tónskáldið hafði gengið frá því.

Munurinn lá í því hve verkið var mun betur flutt hjá þessari ónafngreindu þýzku útvarps-hljómsveit en Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þannig getur verið mikill munur á flutningi verks og hafi hlustendur ekki neitt til samanburðar, eru áhrifin, sem verkið skapar, reiknuð höfundi til tekna eða skuldar.

Bjarkamál er góð tónsmíð og á skilið betri flutning en nú varð raunin á. Hér er ekki verið að sakast við Karsten Andersen. Hann getur ekki kennt okkur Íslendingum að bera virðingu fyrir eigin menningu og það er kominn tími til að Íslendingar hætti þeim vanmeta- og heimskingjahætti að snúa „brjóstmynd Jóns Sigurðssonar til veggjar“. Sá sem það gerir vanvirðir og lítillækkar ekki minnst sjálfan sig. Heima fyrir er Karsten Andersen leiðandi maður í norsku tónlistarlífi og hefur gert meira fyrir ísl. tónmennt en nokkur annar gestastjórnandi, án þess að láta þess getið eða óska eftir þakklæti. Tónleikunum lauk með flutningi á fyrsta píánókoncertinum eftir Brahms. Hans Richter-Haaser lék konsertinn af miklum krafti og var mótun hans á verkinu eins og formgreining. Þetta var þungur og sterkur Brahms. Það framhald á bls. 17

Nútíma söngvar

Listráð Kjarvalsstaða stóð fyrir tónleikum s.l. föstudag og komu þar fram sænska sópran-söngkonan Ilona Maros og Þorkell Sigurbjörnsson. Flutt voru söngverk eftir Eskil Hemberg, Sven-Eric Bäck, Daniel Börtz, sem allir eru sænskir, og tvo ungverja, Miklós Kocsár og Miklós Maros, en sá síðast-nefndi er búsettur í Svíþjóð. Það er fráleitt að bjóða upp á svona tónleika, án þess að textar séu prentaðir í efnisskrá, í stað þess að fylla hana með sífelldu þvaðri um að þessi eða hinn sé „eitt þekktasta“ tónskáld Svía og gegni hinum og þessum embættum. Það má vera að erfitt sé að þýða t.d. ungverska textann, en þá skandinavísku hefðu ekki þurft að þýða og Harmljóð García Lorca sungin á ungversku eru merkingalaus fyrir Íslendinga. Tónleikarnir

höfust á þremur söngvum eftir Hemberg, sem ekki voru frekar skýrðir en að þeir væru gjöf tónskáldsins til „konu hans á afmælisdegi hennar 1977.“ Lögín eru ekki óskemmtilegur fjölskylduglaðningur og voru vel sungin. Annað verkefnið var Lamenti eftir Kocsár, við kvæði eftir Gacia Lorca. Söngur er tónræn útfærsla á tilfinningum og blæbrigðum bundnum í orðum og án skilnings á skáldlegri röðun þeirra í ljóð og tilfinnanlegu inntaki er lítill von til að hlustandinn geti notið söngsins, nema sem tónferli og blæbrigði eins og í hljóðfæratónlist. Eina verkið á þessum tónleikum, sem undirritaður skildi að gagni, var Monologhi 5 eftir Daniel Börtz. Eintal 5 er næst síðasti kaflinn í sex kafla tónverki, þar sem hver kaflí er sjálfstæð hljóð-könnun á einleikshljóðfæri.

Kammersveit Rvíkur

Tónleikar þessir voru að mestu byggðir upp á sænskri nútímatónlist og voru sópran-söngkonan Ilona Maros og Miklós Maros, sem stjórnaði tónleikunum, gestir Kammersveitarinnar.

Þar sem undirritaður hefur í fyrri skrifum látið þess getið að, nauðsynlegt sé að textar ljóðanna fylgi í efnisskrá, er því við að bæta, að ef tónlistin á eitthvert erindi við textann hlýtur túlkun og skynjun verksins að vera samtengd merkingu hans. Að bjóða tónleikagestum upp á textalausa söngtónleika eru vörusvik. Tónleikarnir höfust á tveimur söngvum eftir Ingvar Lindholm og var framhaldið með söngverki eftir Miklós Maros. Þriðja verkið var Strengjakvartett í einum þætti eftir John Speight, en hann hefur starfað hér á landi, sem

kennari við Söngskóla Sigur-sveins D. Kristinssonar, og hafa nokkur tónverk eftir hann verið flutt á tónleikum. Kvartettinn er ljós í gerð, þar sem skiptist á skýrt aðgreindar leikfléttur og eins og hægt er að dæma eftir fyrstu hlustun, væri ekki ólíklegt að verkið þylði meiri andstæður í flutningi, sem að öðru leyti var þökkalega framsettur. Eftir Sven-David Sandstöm var flutt tónverkið **Just a bit**. Verkið er samið fyrir sópran (án texta), fíðlu, fagott og hörpu. Þar er leikið með hálf-tónsbil og var einkum skemmtilegt að heyra nákvæmni söngkonunnar í tóntaki hálf-tónanna. Eftir Eskil Hemberg var svo sungin „En gammal saga“ við kvæði eftir Paul Lindblom og lauk svo tónleikunum á Decet eftir Sven-Eric Bäck. Decet er víðamesta verk tónleikanna og